

mörg stéttarfélög taka þátt í kostnaði sinna félagsmanna. Þú getur sótt um afnot af íbúð hjá Geisladeild Landspítalans, í síma 543 6800.

Sjúkrahótel Landspítalans er fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra sem heilsu sinnar vegna þurfa að dvelja fjarri heimabyggð.

Nánari upplýsingar getur þú nálgast á www.landspitali.is/sjukrahotel-landspitala eða í síma 543 1000.

Gagnlegar upplýsingar

Á vefsíðu okkar www.krabb.is er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar, dagskrá félagsins og fræðslu. Við bendum einnig á hlaðvarp Krabbameinsfélagsins sem er bæði á vefsíðunni okkar og Spotify, en þar er hægt að hlusta á ýmis erindi og fróðleik.

Hafðu samband í síma 800 4040 eða sendu okkur tölvupóst á netfangið radgjof@krabb.is fyrir frekari upplýsingar um þá þjónustu sem þér býðst eða til að panta tíma hjá ráðgjafa.



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Fjarlægð er okkur engin hindrun

Þjónusta Krabbameinsfélagsins á landsbyggðinni



Gangi þér vel



Krabbameinsfélagið

Stuðningur frá fjölskyldu og vinum í kjölfar krabbameinsgreiningar er ómetanlegur, en í erfiðum og ókunnum aðstæðum getur fagleg ráðgjöf líka verið gagnleg og jafnvel nauðsynleg. Hjá Krabbameinsfélaginu býðst þeim sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendum þeirra fræðsla, ráðgjöf og stuðningur. Þjónustan er gjaldfrjáls og hana veita sálfræðingar, félagsráðgjafar og hjúkrunarfræðingar.

Áttu leið í bæinn

Krabbameinsfélagið er staðsett í Skógarhlíð 8, Reykjavík. Þú getur kíkt til okkar í kaffi eða pantað viðtal hjá ráðgjafa ef þú átt leið í bæinn. Við tökum vel á móti þér og gerum okkar besta til að liðsinna þér, sýna þér hvað er í boði og finna út hvað gæti gagnast þér.

Fjarviðtöl

Með öruggum fjarfundabúnaði er auðvelt að hitta ráðgjafa hvar sem er. Einnig er boðið upp á símaviðtöl í síma 800 4040 fyrir þau sem kjósa það frekar.

Fjarnámskeið og erindi

Reglulega er boðið upp á fjarnámskeið sem ætluð eru þeim sem ekki hafa tækifæri til að mæta á staðinn. Markmið félagsins er að flest erindi og málþing séu einnig í boði í streymi.

Slakaðu á heima

Rannsóknir sýna að markviss slökun getur dregið úr kvíða og stuðlað að vellíðan og jafnvægi. Í hlaðvarpi Krabbameinsfélagsins á heimasíðu okkar www.krabb.is og á Spotify er hægt að hlusta á slökun.

Þjónusta í heimabyggð

Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands eru 27 og starfa hringinn í kringum landið. Starfsemin er mismunandi á milli félaga, en öll eiga þau það sameiginlegt að vinna í þágu einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og aðstandenda þeirra. Krabbameinsfélagið býður einnig upp á viðtöl við ráðgjafa á nokkrum stöðum á landinu með reglulegum heimsóknum.

Ráðgjafi frá Krabbameinsfélaginu er með starfsstöð hjá Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis, Glerárgötu 34, 2. hæð. Þú getur kíkt í kaffi eða bókað tíma í síma 461 1470 eða með tölvupósti á kaon@krabb.is

Niðurgreiðsla á ferðakostnaði og öðrum kostnaði

Hægt er að sækja um niðurgreiðslu á tveimur ferðum vegna nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu á tólf mánaða tímabili en þegar um krabbamein er að ræða er hægt að sækja um niðurgreiðslu fyrir fleiri en tvær ferðir. Læknir þarf að fylla út sérstakt eyðublað sem fylgir umsókninni. Hægt er að sækja um niðurgreiðslu fyrir fylgdarfólk. Hafðu samband við Krabbameinsfélagið, Sjúkratryggingar Íslands eða umboð sýslumanns í þinni heimabyggð fyrir frekari upplýsingar.

Mörg krabbameinsfélög á landsbyggðinni styðja við sitt fólk með styrkjum vegna ýmissa þátta sem tengjast því að greinast með krabbamein, þar með talið vegna kostnaðar sem fellur til þegar lækni meðferð er sótt í Reykjavík.

Gisting vegna lækni meðferðar í Reykjavík

Krabbameinsfélagið á íbúðir við Rauðarárstíg til afnota fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra á landsbyggðinni sem sækja krabbameinsmeðferð á Landspítala. Greitt er lágt gjald fyrir afnot af íbúðinni, en